



# Persónuvernd

Ársskýrsla 2016

Umbrot: Persónuvernd



# Persónuvernd

Ársskýrsla 2016



## Efnisyfirlit

<b>Ávarp forstjóra</b> .....	<b>6</b>
Vitundarvakning um persónuvernd.....	6
<b>Hlutverk Persónuverndar</b> .....	<b>8</b>
<b>Efst á baugi hjá Persónuvernd 2016</b> .....	<b>9</b>
Umfangsmiklar endurbætur á evrópskri og íslenskri persónuverndarlöggjöf.....	9
Málstofa Persónuverndar á Evrópskum persónuverndardegi.....	9
Nýtt samkomulag um flutning persónuupplýsinga milli Bandaríkjanna og Evrópu.....	10
UT-messan 2016.....	10
Málstofa um persónuvernd á Lagadeginum 2016.....	10
Snjalltæki, gervigreind, sjálfvirk ákvarðanatöku véla og persónuvernd.....	12
Þátttaka í Schengen-úttekt á Grikklandi.....	12
Umsögn Persónuverndar um drög að viðmiðunarreglum fyrir notkun skýjalausna hjá ríkisstofnunum, birt 28. júlí 2016.....	13
Ráðstefnan Bílar, fólk og framtíðin.....	13
Persónuvernd, tölvurannsóknir og netöryggi meðal umræðuefna á UT-degi.....	14
<b>Umfjöllun um ýmis mál Persónuverndar</b> .....	<b>15</b>
Umsagnir til Alþingis um þingmál.....	15
Veitt leyfi 2016.....	15
Starfsleyfi Creditinfo Lánstrausts hf.....	15
Leyfi vegna vísindarannsókna á heilbrigðissviði.....	15
Önnur leyfi vegna rannsóknarverkefna.....	15
Úrskurðir, álit og ákvarðanir stjórnar Persónuverndar 2016.....	17
<b>Erlent samstarf</b> .....	<b>25</b>
Samstarf norrænna persónuverndarstofnana.....	25
Starf vinnuhóps samkvæmt 29. gr. tilskipunar 95/46/EB.....	25
Samstarf evrópskra persónuverndarstofnana.....	26
Samstarf vinnuhóps sérfræðinga EFTA á sviði persónuverndar.....	26
Alþjóðlegt samstarf.....	27
Samstarf á vettvangi Evrópuráðsins.....	27
<b>Persónuvernd árið 2016</b> .....	<b>28</b>
Stjórn og starfsfólk á árinu 2016.....	28
Um starfið árið 2016.....	29
Eftirlitsheimildir Persónuverndar.....	30
Leyfisveitingar og tilkynningar.....	31
Úttektir.....	31
Um fjárreiður 2016.....	32

---

## Ávarp forstjóra

---



### Persónuverndin – yfir og allt um kring

Það hefur verið sagt um persónuverndarlöggjöfina að hún sé yfir og allt um kring. Þetta eru orð að sönnu, enda gildir löggjöfin um alla vinnslu persónuupplýsinga á Íslandi. Hún gildir því um starfsemi hins opinbera, en einnig fyrir einkageirann og sveitarfélögin. Persónuupplýsingar – sem þetta snýst allt saman um – eru allar þær upplýsingar sem rekjanlegar eru til einstaklings, hvort sem hann er látinn eða lifandi. Hér undir falla upplýsingar eins og kennitala, símanúmer og bílnúmer, en einnig raðnúmer snjalltækis og IP-tala tölvu, svo dæmi séu tekin. Staðan er sú að helstu málaflokkar þjóðfélagsins hafa snertiflöt við persónuverndarlöggjöfina, svo sem heilbrigðismál og vísindarannsóknir, fjármálaþjónusta, fjarskipti og netöryggi, ferðaþjónusta, verslun og þjónusta, skólastarf, vinnsla persónuupplýsinga á vinnustöðum landsins, Schengen-samstarfið og samkeppnismál.

### Ný evrópsk persónuverndarlöggjöf

Þann 25. maí 2018 kemur til framkvæmda í Evrópu ný evrópsk reglugerð um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga (e. General Data Protection Regulation – GDPR). Reglugerðin felur í sér umbyltingu á því hvernig ríki skuli standa vörð um ein helstu grundvallarréttindi einstaklinga, réttinn til friðhelgi einkalífsins, og er um að ræða mestu breytingar sem gerðar hafa verið á regluverkinu í rúm 20 ár. Reglugerðin fellur undir EES-samninginn og verður innleidd hérlendis. Eitt helsta markmið hennar er að auka og styrkja réttindi einstaklinga þannig að þeir ákveði hverjir geti unnið persónuupplýsingar um sig, hvenær og í hvaða tilgangi. Einstaklingum verður heimilt að leita til persónuverndarstofnana í því landi sem þeir búa, starfa eða þar sem ætlað brot fer fram. Á sama tíma er reglugerðinni ætlað að léttja stjórnsýslulegar byrðar fyrirtækja í fjölþjóðlegri starfsemi, auk þess sem ýmsar nýjar skyldur eru lagðar á fyrirtæki og stofnanir. Persónuverndarstofnanir í Evrópu munu í auknum mæli starfa saman að rannsókn mála og gert er ráð fyrir að hvert ríki tryggi sinni stofnun nægilegt fjármagn og mannafla til að geta sinnt hlutverki sínu á fullnægjandi hátt. Þá verður persónuverndarstofnunum í Evrópu veitt sektarheimild vegna brota á ákvæðum reglugerðarinnar. Getu þær numið allt að 4% af heildarársveltu á heimsmarkaði eða 20 milljónum evra, eftir því hvort viðmiðið er hærra.

### Vitundarvakning um persónuvernd

Leiðarar, fyrirsagnir og umfjöllun margra stórblaða heims fjalla nú dag eftir dag um fréttir sem tengjast persónuverndarmálum. Þannig bendir The Economist á í leiðara 10. maí sl. að helsti auður heimsins sé ekki lengur olía heldur gögn. Þar segir að fimm verðmætustu fyrirtæki heimsins séu gagnafyrirtækin Alphabet (móðurfyrirtæki Google), Amazon, Apple, Facebook og Microsoft.

Þessi fyrirtæki högnuðust um 25 milljarða bandaríkjadala á fyrsta ársfjórðungi ársins 2017. Er því haldið fram í leiðaranum að Amazon nái til sín helmingi af öllum bandaríkjadölum sem eytt er á Netinu í Bandaríkjunum. Google og Facebook hirða síðan nær allan ágóðann af auglýsingum á Netinu. Hér þarf að hafa hugfast að hér er meðal annars um að ræða ágóða af sölu auglýsinga sem beint er til einstaklinga eftir að nethegðun þeirra hefur verið rýnd af t.d. Google og Facebook og síðan seld þriðju aðilum eða notuð frekar af upphaflegum aðilum. Einstaklingar þurfa að gera sér grein fyrir að persónuupplýsingar eru dýrmæt söluvara – og meiri gögn búa til enn verðmætari vöru. Sjálfkeyrandi nettengdir bílar frá Tesla eru einmitt dæmi um það, en þróun þeirra byggir á upplýsingum um aksturslag notenda og við þá þróun er m.a. byggt á gervigreind. Ný evrópsk persónuverndarlöggjöf leggur áherslu á að fagna framþróun tækninnar en að sama skapi þurfi hún og vinnsla persónuupplýsinga henni tengd að hafa það að markmiði að þjóna mannkyninu. Það vekur því óneitanlega upp ýmsar hugleiðingar þegar forstjóri Tesla, Elon Musk, heldur því fram að helsta ógn mannkynsins í dag sé gervigreind – sú hin sama og er að skapa viðskiptaforskot þess fyrirtækis sem hann stýrir.

### **Leiðbeinandi hlutverk Persónuverndar**

Verkefni Persónuverndar hafa sjaldan verið jafn krefjandi, mikilvæg og mikil að umfangi, enda stöndum við á barmi fjórðu iðnbyltingarinnar, þar sem tækniframfarir hafa gjörbylt allri vinnslu og meðferð persónuupplýsinga. Persónuvernd finnur fyrir auknum áhuga fyrirtækja og stofnana á málefnum sem tengjast persónuvernd og öryggi persónuupplýsinga auk þess sem fjölmiðlar hafa verið áhugasamir um að kynna almennings málefni persónuverndar. Þessi staða, ásamt einni umfangsmestu löggjöf sem komið hefur frá Evrópusambandinu í langan tíma, hefur kallað á aukna áherslu á leiðbeinandi hlutverk Persónuverndar og því var það skilgreint sem forgangsmatið fyrir árið 2016 að kynna nýtt regluverk Evrópusambandsins fyrir þeim sem málið varðar hérlendis. Héldu forstjóri og lögfræðingar Persónuverndar um 30 fyrirlestra um nýju löggjöfina á árinu og þá mættu rúmlega 300 manns á fyrstu almennu málstofu Persónuverndar um nýju löggjöfina í lok september 2016.

### **Áframhaldandi sprenging í málafjölda**

Málafjöldi Persónuverndar hefur vaxið ár frá ári og hefur rúmlega þrefaldast frá upphafi. Enn hefur orðið aukning milli ára og bárust 1865 mál árið 2016 samanborið við 1754 mál árið 2015. Þrátt fyrir þetta eru starfsmenn Persónuverndar einungis sjö – jafnmargir og við stofnun hennar fyrir um 17 árum síðan. Mikil fjölgun starfsmanna á sér nú stað hjá flestum evrópskum persónuverndarstofnunum, svo að unnt sé að undirbúa breytingar og aukin verkefni samkvæmt nýrri löggjöf. Breska persónuverndarstofnunin, ICO, hafði 450 starfsmenn, en þeir verða bráðlega 650. Írska stofnunin hafði um 30 starfsmenn, en þeir verða 130 talsins að ári liðnu. Norska persónuverndarstofnunin, Datatilsynet, sem hefur sömu verkefni og Persónuvernd, telur rúmlega 50 starfsmenn. Ljóst er að meiri mannafla þarf til að tryggja að hérlendis sé virtur stjórnarskrárvarinn réttur til friðhelgi einkalífs og persónuverndar.

*Júlí 2017  
Helga Þórisdóttir*

---

# Hlutverk Persónuverndar

---

Persónuvernd er sjálfstæð stofnun með sérstaka stjórn og verður ákvörðunum hennar samkvæmt lögum nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, ekki skotið til annarra stjórnvalda.

Markmið laganna er að stuðla að því að með persónuupplýsingar sé farið í samræmi við grundvallarsjónarmið og reglur um persónuvernd og friðhelgi einkalífs og tryggja áreiðanleika og gæði slíkra upplýsinga og frjálst flæði þeirra á innri markaði Evrópska efnahagssvæðisins.

**Hlutverk Persónuverndar er að gæta hagsmuna almennings þannig að mannréttindi séu ekki brotin við meðferð persónuupplýsinga.** Persónuvernd var stofnuð með lögum nr. 77/2000. Lögin eru sett á grundvelli EES-gerðar um persónuvernd og er sams konar sjálfstæð stofnun starfandi í sérhverju hinna EES-ríkjanna. Í lögnum eru tiltekin helstu verkefni sem stofnuninni ber að sinna, sbr. 37. gr., en veigamest þeirra eru :

1. að annast *eftirlit* með því að farið sé að lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, nr. 77/2000, og reglum settum samkvæmt þeim,
2. að *úrskurða* í ágreiningsmálum um vinnslu persónuupplýsinga,
3. að afgreiða *leyfisumsóknir*, taka við *tilkynningum* og mæla fyrir um *ráðstafanir* varðandi vinnslu persónuupplýsinga,
4. að fylgjast með *þróun persónuupplýsingaverndar* á innlendum og erlendum vettvangi, greina hvar persónuvernd er hætta búin og veita ráð um leiðir til lausnar,
5. að *leiðbeina* þeim sem ráðgera að vinna með persónuupplýsingar, eða þróa kerfi fyrir slíka vinnslu, og
6. að *tjá sig* samkvæmt beiðni eða að eigin frumkvæði um álitafni um meðferð persónuupplýsinga og *veita umsagnir* við setningu laga og annarra reglna sem þýðingu hafa fyrir persónuvernd.

**Þá eru Persónuvernd falin verkefni og vísað til laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga í á annað hundrað lagabálkum og stjórnvaldsreglum.**

Helstu þjónustupættir stofnunarinnar eru eftirfarandi (tölur eru miðaðar við árið 2016, sbr. ítarlegri umfjöllun aftar í skýrslunni):

1. Fyrirspurnir, umsagnir og álit (560 - 30,0%)
2. Mál vegna tilkynninga (495 - 26,5%)
3. Mál vegna vísindarannsókna (308 - 16,5%)
4. Erlent samstarf (149 - 8,0%)
5. Kvartanir, kærur, úrskurðir (106 - 5,7%)
6. Annað (þ. á m. smíði stjórnvaldsreglna, kynningar, námskeið, fyrirlestrar, innri mál, frumkvæðismál, leyfisumsóknir, veitt leyfi og úttektarmál), (247 – 13,3%).



---

# Efst á baugi hjá Persónuvernd 2016

---

## Umfangsmiklar endurbætur á evrópskri og íslenskri persónuverndarlöggjöf

Þann 27. apríl 2016 skrifuðu forsetar Evrópuþingsins og -ráðsins undir nýja evrópska persónuverndarlöggjöf en löggjöfin mun taka gildi þann 25. maí 2018 í Evrópu. Vernd persónuupplýsinga er talin hluti af EES-samningnum og mun löggjöfin því verða tekin upp í íslenskan rétt. Rétt er þó að taka fram að löggjöfin mun hljóta þinglega meðferð Alþingis áður en hún tekur að fullu gildi hérlendis.

Þær endurbætur á evrópskri persónuverndarlöggjöf sem hér um ræðir samanstanda annars vegar af nýrri reglugerð um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og frjálst flæði slíkra upplýsinga (Evrópureglugerð) og hins vegar tilskipun um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga hjá löggæslu- og dómsyfirvöldum (löggæslutilskipun).

Samþykkt endurbótanna markar tímamót í sögu persónuverndarlöggjafar í Evrópu. Um er að ræða umfangsmestu breytingar sem gerðar hafa verið á persónuverndarlöggjöfinni í tvo áratugi. Í tilkynningu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins frá 14. apríl 2016 segir að hinar nýju reglur staðfesti að sá grundvallarréttur sem felst í vernd persónuupplýsinga einstaklinga verði tryggður fyrir alla. Reglurnar munu einnig efla hinn stafræna innri markað Evrópu með því að tryggja öryggi í þjónustu sem veitt er yfir Netið og veita fyrirtækjum réttarvissu (e. legal certainty) sem byggist á skýrum og samræmdum reglum. Þá segir að löggæslutilskipunin muni tryggja öryggi vinnslu persónuupplýsinga ásamt því að efla samvinnu löggæsluyfirvalda í Evrópu í baráttunni gegn hryðjuverkum og öðrum alvarlegum glæpum. Í tilkynningunni er jafnframt tekið fram að þessar lagabreytingar eigi að gagnast öllum borgurum Evrópu og að einstaklingar þurfi að þekkja rétt sinn svo þeir viti hvernig unnt sé að verja þann rétt ef hann er ekki virtur. Nánari upplýsingar um helstu efnisatriði reglugerðarinnar má finna í bæklingum á [heimasíðu Persónuverndar](#).

## Málstofa Persónuverndar á Evrópskum persónuverndardegi

Þann 28. janúar 2016 stóð Persónuvernd fyrir málþingi um persónuupplýsingar hjá fyrirtækjum og stjórnýsly, í samstarfi við Háskóla Íslands, Mannréttindastofnun og Lagastofnun Háskóla Íslands. Málþingið var haldið í hátíðarsal Háskóla Íslands.

Í kynningu málþingsins kom fram að umfangsmikil söfnun og skráning persónuupplýsinga færi fram hjá stofnunum hins opinbera, fyrirtækjum á almennum markaði, verslunum, þjónustuaðilum og fleirum. Slík skráning gæti verið nauðsynleg fyrir einstaklinga, en hún gæti einnig farið fram algerlega án vitundar þeirra og vilja. Með aukinni skráningu persónuupplýsinga ykist hættan á því að misfarið væri með þessar upplýsingar. Leitast var við að fá svör við því hvort lög og reglur hér væru nægilega skýrar, hvað mætti og hvað bæri að varast.

Ragnhildur Hjaltadóttir, ráðuneytisstjóri innanríkisráðuneytis, opnaði málþingið. Því næst flutti Alma Tryggvadóttir, skrifstofustjóri upplýsingaöryggis hjá Persónuvernd, erindi um þær grundvallarreglur sem gilda á þessu sviði og kynnti væntanlegar breytingar á Evrópulöggjöf sem miða að aukinni vernd einstaklingsins og auknum ráðstöfunarrétti hans yfir eigin upplýsingum. Í framhaldi erinda voru pallborðsumræður, þar sem þau Andrés Magnússon, framkvæmdastjóri SVP, Björg Thorarensen, stjórnarformaður Persónuverndar, Helgi Hrafn Gunnarsson alþingismaður, Katrín Jakobsdóttir alþingismaður og Ragnhildur Arnljótsdóttir, ráðuneytisstjóri

forsætisráðuneytis, ræddu málin. Helga Þórisdóttir, forstjóri Persónuverndar, stýrði fundinum og pallborðsumræðum.

## Nýtt samkomulag um flutning persónuupplýsinga milli Bandaríkjanna og Evrópu

Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins tilkynnti 12. júlí 2016 um nýtt samkomulag um flutning persónuupplýsinga milli Bandaríkjanna og Evrópu, en samkomulagið hefur hlotið nafnið EU-US Privacy Shield. Samkomulaginu er ætlað að veita persónuupplýsingum sem fluttar eru frá Evrópu til Bandaríkjanna fullnægjandi vernd. Það kemur í stað eldra samkomulags um öruggar hafnir (e. Safe Harbour agreement) sem Evrópudómstóllinn dæmdi ólögmætt í dómi sínum frá 6. október 2015. Nánari upplýsingar um flutning persónuupplýsinga úr landi, dóm Evrópudómstólsins og afleiðingar hans fyrir ábyrgðaraðila sem flytja persónuupplýsingar til Bandaríkjanna má finna á [heimasíðu Persónuverndar](#).

## UT-messan 2016

Persónuvernd tók þátt í UT-messunni 2016 og flutti forstjóri fyrirlesturinn **Persónuvernd og Internet allra hluta**. Í fyrirlestrinum var einblínt á þær hættur sem Internet allra hluta getur haft í för með sér fyrir persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Geta einstaklingar tekið ákvörðun um og ráðið yfir persónuupplýsingum sínum og miðlun þeirra í sítengdum heimi snjalltækja (e. Smart things)? Farið var yfir hvernig unnt er að beita íslenskri löggjöf um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga í tengslum við þá gríðarlegu vinnslu persónuupplýsinga sem Internet allra hluta kallar óumflýjanlega á. Bent var á að fyrirtæki geta skapað sér samkeppnislegt forskot ef persónuvernd er frá upphafi byggð inn í upplýsingakerfi þeirra og hugbúnað. Myndband af fyrirlestrinum má finna á [heimasíðu Persónuverndar](#).

### *Internet allra hluta*

Með Interneti allra hluta er átt við nettengd raftæki sem geta haft samskipti sín á milli. Hér er hægt að sjá fyrir sér að einstaklingar geti, t.d. í gegnum snjallsíma eða tölvu, tengst og stjórnað bílum, ýmsum búnaði í húsum eða bara ísskápum, svo sem til að fylgjast með því hvað er til og hvernig ástandið er á matnum.

Þegar síminn, bíllinn og brauðristin safna sífellt meiri upplýsingum um notandann er mikilvægt að huga að öryggi og persónuvernd. Sé öryggið ekki tryggt er hætta á að óprúttnir aðilar geti náð stjórn á tækjunum, auk þess sem þeir geta nálgast upplýsingar um notandann, sem tækin búa yfir, og nýtt þær í annarlegum tilgangi.


## Málstofa um persónuvernd á Lagadeginum 2016

Lagadagurinn var haldinn á Hilton Reykjavík Nordica þann 15. apríl 2016. Lagadagurinn er haldinn árlega í samstarfi Lögmannafélags Íslands, Lögfræðingafélags Íslands og Dómarafélags Íslands. Að þessu sinni var ein af málstofum Lagadagsins tileinkuð persónuvernd. Málstofan snerist um persónuvernd á tímum tæknibyltingar með sérstakri áherslu á breytingar á skyldum og ábyrgð fyrirtækja með tilkomu nýrrar Evrópulöggjafar á sviði persónuverndar.



Á málstofunni var meðal annars fjallað um þá gríðarlegu upplýsingavinnslu upplýsingasamfélagsins sem getur ógnað friðhelgi einkalífs einstaklinga og vernd persónuupplýsinga. Einnig var farið yfir stefnumarkandi dóma, sem hafa fallið hjá alþjóðadómstólum, og þær umfangsmiklu breytingar sem framundan eru á evrópskri persónuverndarlöggjöf. Málstofan var vel sótt og ljóst að mikill áhugi er á málaflokknum.

Helga Þórisdóttir, forstjóri Persónuverndar, stýrði málstofunni og að loknum inngangsorðum hennar tók til máls Alma Tryggvadóttir, skrifstofustjóri upplýsingaöryggis hjá Persónuvernd. Alma fór yfir innihald nýrrar Evrópulöggjafar á sviði persónuverndar og fjallaði um breytingar á skyldum og ábyrgð fyrirtækja. Þá flutti Hörður Helgi Helgason, lögmaður hjá Landslögum, fyrirlestur um breytingar sem hafa átt sér stað í tengslum við flutning persónuupplýsinga úr landi í kjölfar ógildingar Evrópuþómstólsins á svokallaðri Safe Harbour-ákvörðun framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins. Hjördís Halldórsdóttir, lögmaður hjá LOGOS, fræddi málstofugesti því næst um vinnslu persónuupplýsinga í vinnuréttarsambandi sem og um nýfallinn dóm Mannréttindadómstóls Evrópu í máli Barbulescu gegn Rúmeníu. Loks hélt Erla Þuríður Péturdóttir, lögmaður hjá Valitor, fyrirlestur um aðgerðir sem fyrirtæki þurfa að grípa til vegna fyrirhugaðra breytinga á persónuverndarlöggjöfnni.



## Söfnun og vinnsla persónuupplýsinga

Á hverjum degi fer fram umfangsmikil söfnun, greining og vinnsla á persónuupplýsingum á rafrænu formi. Þessar upplýsingar eru m.a. nýttar til að selja einstaklingsmiðaðar auglýsingar og þjónustu til tiltekinnna hópa einstaklinga. Upplýsingarnar eru einnig nýttar til að fylgjast með hegðun einstaklinga og er rýnin svo umfangsmikil að hætta er á að það brjóti gegn stjórnarskrárvörðum rétti einstaklinga til friðhelgi einkalífs.

Þessi hraða tæknipróun hefur í för með sér hættu á að einstaklingar missi í auknum mæli völd yfir eigin persónuupplýsingum og stafrænum auðkennum. Persónuverndarstofnanir í Evrópu gegna því mikilvæga hlutverki, í þeirri tæknibyltingu sem nú á sér stað, að standa vörð um persónuupplýsingar einstaklinga.

## Snjalltæki, gervigreind, sjálfvirk ákvarðanatáka véla og persónuvernd

Margar hættur eru því samfara að leyfa óheftan aðgang að persónuupplýsingum. Internet allra hluta (e. Internet of things) tengir fleiri tæki við Netið á degi hverjum og samkvæmt Business Insider UK, 24. ágúst 2016, stefnir í að í heiminum verði 24 milljarðar snjalltækja í notkun árið 2020. Flest notum við á degi hverjum nettengd tæki og þau, ásamt skynjurum og annarri nýrri tækni, hafa leitt til þess að velflestar gjörðir okkar eru kortlagðar og rýndar, hvort sem er á heimilum okkar eða utan þeirra. Hefur þetta meðal annars leitt til þess að við borgum mishátt verð fyrir sömu vöruna, byggt á kauphegðun og sögu okkar á Netinu. Samkvæmt umfjöllun BBC News 24. maí 2017 fyrirhugar Google til dæmis að fylgjast með og greina greiðslukortanotkun einstaklinga, þ.e. rekja milljarða kredit- og debetkortagreiðslna og bera þær saman við skoðun einstaklinga á netauglýsingum til að kanna hvort þeir versli síðar sömu vörur í búðum.

Auk þessa liggur fyrir að upplýsingar sem við veitum sjálf aðgang að, til dæmis á samfélagsmiðlum, hafa veitt fyrirtækjum og öðrum möguleika á að rýna okkur með auðveldum hætti til að ná fyrirfram ákveðnum markmiðum – oft án vitneskju og vitundar okkar, sem veitum upplýsingarnar. Færð hafa verið rök fyrir því að markviss greining persónuupplýsinga á samfélagsmiðlum hafi gert það að verkum að Donald Trump náði athygli óákveðinna kjósenda, sem leiddi síðan til þess að hann náði kjöri. Sama hafi mögulega gerst með niðurstöðu í BREXIT-kosningunum. Einstaklingar hafa þannig í auknum mæli orðið að leiksoppum þeirra sem hafa vald á persónuupplýsingum. Stafræna upplýsingatæknibyltingin nær einnig til svokallaðrar gagnagnóttar (e. Big Data) og gervigreindar (e. Artificial Intelligence) auk sjálfvirkrar ákvörðunartöku véla með aðstoð algríma (e. algorithm). Forritun tækninnar byggist að miklu leyti á upplýsingum um mannlega hegðun og þessar upplýsingar veitum við að mestu leyti sjálf. Röng úrvinnsla þessara upplýsinga skapar mikla áskorun fyrir vernd friðhelgi einkalífs og persónuupplýsinga.

### Gervigreind og sjálfvirk ákvarðanatáka véla

Segja má að gervigreind felist í því að tölva geti skynjað og skilið aðstæður og í kjölfarið tekið eigin ákvarðanir á svipaðan hátt og manneskjur. Upplýsingar eru færðar inn í tölvu og reglur settar um hvernig tölvan getur notað upplýsingarnar til að komast að nýjum niðurstöðum. Til að leysa tiltekið verkefni leitar tölvan leiða til að nota upplýsingar eftir þeim reglum sem henni voru settar í byrjun.

Þess má geta að gervigreind og vélmenni voru helsta umræðuefnið á 38. alþjóðaráðstefnu forstjóra persónuverndarstofnana sem haldin var 17.-21. október 2016 í Marrakech í Marokkó.

### Þátttaka í Schengen-úttekt á Grikklandi

Á vegum Evrópusambandsins og aðildarríkja Schengen-samstarfsins eru reglulega gerðar úttektir á því hvernig einstök aðildarríki fara að þeim reglum sem settar hafa verið vegna þess samstarfs. Ná þessar úttektir meðal annars til þeirra reglna sem gilda um persónuvernd í upplýsingakerfum sem því þjóna. Til að gera slíkar úttektir eru skipaðar nefndir með fulltrúum frá aðildarríkjum, auk fulltrúa framkvæmdastjórnar ESB. Dagana 23.–27. maí 2016 fór vettvangshlutinn í



persónuverndarþætti Schengen-úttektar fram á Grikklandi. Þórður Sveinsson, skrifstofustjóri lögfræðisviðs Persónuverndar, var á meðal þeirra sem skipuðu úttektarnefndina.

## Umsögn Persónuverndar um drög að viðmiðunarreglum fyrir notkun skýjalausna hjá ríkisstofnunum, birt 28. júlí 2016

Hinn 27. maí 2016 barst Persónuvernd beiðni fjármála- og efnahagsráðuneytisins um skriflega umsögn um drög að viðmiðunarreglum fyrir notkun skýjalausna hjá ríkisstofnunum sem ráðuneytið fyrirhugaði að gefa út. Í erindinu var vísað til skýrslu KPMG sem ráðuneytið lét vinna um helstu eiginleika og útfærslur skýjalausna, en í henni er jafnframt að finna drög að viðmiðunarreglum fyrir notkun skýjalausna hjá hinu opinbera. Með hliðsjón af framangreindu tekur umsögn Persónuverndar bæði til skýrslunnar sjálfar, sem og draga að viðmiðunarreglunum. Umsögnin tekur til notkunar opinberra aðila á skýjalausnum til þess að vinna, varðveita eða miðla persónuupplýsingum, enda gilda lög nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, og reglur settar samkvæmt þeim, einungis um persónuupplýsingar eins og þær eru skilgreindar í 1. tölul. 1. mgr. 2. gr. laganna. Umsögnina fá finna á [heimasíðu Persónuverndar](#).



*Fyrsta málstofa Persónuverndar í fundaröð um nýjar evrópskar persónuverndarreglur 2018 var haldin föstudaginn 30. september 2016 á Icelandair Hotel Reykjavík Natura. Rúmlega 300 manns sóttu málstofuna.*

## Ráðstefnan Bílar, fólk og framtíðin

Ráðstefnan *Bílar, fólk og framtíðin* fór fram í Hörpu 17. nóvember 2016 og flutti forstjóri Persónuverndar erindið **Persónuvernd og snjallbíllinn – Hver á upplýsingarnar um þig?** Í erindinu var bent á að bíllinn væri á góðri leið með að búa yfir jafn miklum upplýsingum um notandann og snjallsíminn. Bíllinn væri með öðrum orðum orðinn tengdur hugmyndinni um „alltumlykjandi tækni“, þ.e. Interneti allra hluta, sem kortleggur nær alla okkar hegðun, hvert fótmál, hvert skref og bráðlega hverja bílferð – hvert farið er, á hvaða hraða er keyrt, hverjir eru farþegar í bílnum og margt, margt fleira. Hér er um að ræða vinnslu upplýsinga sem tengjast tilteknum eða greinanlegum einstaklingi og því fellur vinnslan undir hugtakið persónuupplýsingar samkvæmt persónuverndarlögum. Þessum upplýsingum er hægt að deila með öðrum, stundum án þess að notandinn sé meðvitaður um það, og gæti hann þurft að gera sérstakar ráðstafanir til að óvirkja búnaðinn – ef það er þá mögulegt. Ökumaður þarf að vera upplýstur um það hverjir fá upplýsingar um notkun hans á bílnum – og hvað er rýnt í hverjum bíl.

## Persónuvernd, tölvurannsóknir og netöryggi meðal umræðuefna á UT-degi

UT-dagurinn 1. desember 2016 var tileinkaður vaxandi ógnum sem stöðja að öryggi upplýsinga, kerfa og neta og hvernig brugðist verður við þeim með umtalsverðum breytingum á löggjöf, m.a. með breyttri löggjöf um persónuvernd og innleiðingu á svokallaðri NIS-tilskipun um net- og upplýsingaöryggi. [Helga Þórisdóttir](#), forstjóri Persónuverndar, flutti erindi um nýjar Evrópureglur um persónuvernd og þær auknu kröfur sem þær gera til íslensku stjórnáætlunar. Lykilatriði breytinganna er vernd persónuupplýsinga.

Aðalfyrirlesari ráðstefnunnar var forstjóri norsku Persónuverndarstofnunarinnar, [Björn Erik Thon](#), og var titill erindis hans: Tracking online and offline – is there hope for data protection? Hann lýsti meðal annars hvernig hægt er að fylgjast með athöfnum manna á Netinu og hvernig fyrirtæki væru að sérsníða markaðsstarf sitt að einstaklingum út frá notkun þeirra á stafrænum miðlum.

[Alma Tryggvadóttir](#), skrifstofustjóri upplýsingaöryggis hjá Persónuvernd, fór yfir raunhæft dæmi um persónuvernd grunnskólabarna. Fjallaði hún meðal annars um könnun hjá fimm grunnskólum á skráningu þeirra á upplýsingum um nemendur í rafrænt upplýsingakerfi og hvernig Persónuvernd hefði beint tilmælum um úrbætur til skólanna, auk þess sem málið, vegna umfangs þess, hefur verið kynnt sérstaklega fyrir mennta- og menningarmálaráðuneyti og Sambandi íslenskra sveitarfélaga.



UT-dagurinn 1. desember 2016.  
Frá vinstri: Steinarr Kr. Ómarsson, Björn Erik Thon, Helga Þórisdóttir, Alma Tryggvadóttir og Margrét Hauksdóttir.

---

# Umfjöllun um ýmis mál Persónuverndar

---

Hér að neðan er gerð grein fyrir ýmsum málum sem Persónuvernd fjallaði um á árinu 2016. Fyrst er gerð grein fyrir umsögnum til Alþingis um þingmál, næst er fjallað um þau leyfi sem veitt voru á árinu og að lokum er gerð grein fyrir úrskurðum, ákvörðunum og álitum stjórnar Persónuverndar 2016.

## Umsagnir til Alþingis um þingmál

Persónuvernd samdi 34 umsagnir um lagafrumvörp árið 2016, sem sendar voru þingnefndum Alþingis samkvæmt beiðni þar um eða að frumkvæði Persónuverndar.

## Veitt leyfi 2016

### *Starfsleyfi Creditinfo Lánstrausts hf.*

Gildistími starfsleyfis Creditinfo Lánstrausts hf. til vinnslu fjárhagsupplýsinga um *einstaklinga*, dags. 28. desember 2015, sem veitt var með gildistíma til 31. desember 2016, var hinn 30. desember 2016 framlengdur fram yfir áramót vegna vinnu við endurskoðun á leyfisskilmálum sem olli töfum á útgáfu nýs starfsleyfis. Nýtt starfsleyfi var gefið út hinn 28. febrúar 2017 með gildistíma til 31. desember s.á.

Starfsleyfi til vinnslu upplýsinga um *lögðila*, dags. 23. desember 2016, var veitt Creditinfo Lánstrausti hf. með gildistíma til 31. desember 2018.

### *Leyfi vegna vísindarannsókna á heilbrigðissviði*

Þann 1. janúar 2015 tóku gildi lög nr. 44/2014, um vísindarannsóknir á heilbrigðissviði. Með þeim lögum var leyfisskylda hjá Persónuvernd til aðgangs að sjúkraskrár felld niður og er nú eingöngu á hendi Vísindasiðanefndar eða siðanefnda heilbrigðisrannsókna að veita slík leyfi. Stofnunin fær þó allar umsóknir um aðgang til umfjöllunar og getur stöðvað afgreiðslu þeirra, telji hún þörf á því, sbr. 13. gr. framangreindra laga.

Samkvæmt framangreindu hefur Persónuvernd ekki gefið út leyfi til aðgangs að sjúkraskrár frá 1. janúar 2015, að því undanskildu að stofnunin hefur afgreitt þær leyfisumsóknir sem bárust fyrir gildistöku laga nr. 44/2014.

### *Önnur leyfi vegna rannsóknarverkefna*

Veitt voru eftirtalin leyfi til vinnslu persónuupplýsinga vegna rannsóknarverkefna. Leyfin eru birt í þeirri röð sem þau voru gefin út í.

**2016/336** – Kristínu Ásu Brynjarsdóttur laganema og Oddnýju Mjöll Arnardóttur, leiðbeinanda hennar, var veitt heimild til vinnslu persónuupplýsinga hjá Barnavernd Reykjavíkur um ungmenni á aldrinum 15-18 ára með fíknivanda sem úrskurðuð hafa verið eða dæmd í meðferð á árunum 2005-2015, vegna rannsóknarinnar „Réttarstaða ungra fíkla í ljósi mannréttindaskuldbindinga Íslands“.

**2016/143** – Þjóðskjalasafni Íslands var veitt leyfi til að heimila Ragnheiði Kristjónsdóttur, dósent í sagnfræði, og Agnesi Jónasardóttur sagnfræðinema aðgang að skjölum Ungmennaeftirlitsins og Ungmennadómstólsins, sem starfaði á árunum 1942-1943, ásamt skjölum Barnaverndarráðs Íslands frá sama tímabili. Þá var þeim veitt leyfi til vinnslu persónuupplýsinga í umræddum skjölum í þágu rannsóknarinnar „Ástandsmál og barnavernd“.

**2016/434** – Þjóðskjalasafni Íslands var veitt leyfi til að heimila Vali Ingimundarsyni sagnfræðiprófessor og Þorbjörgu Ásgeirsdóttur sagnfræðinema aðgang að gögnum er varða réttarhöld og sakaruppgjöf yfir mótmælendum gegn inngöngu Íslands í NATO 30. mars 1949, þ.e. úr skjalasöfnum Hæstaréttar Íslands, Sakadóms Reykjavíkur, Lögreglunnar í Reykjavík, embætti Forseta Íslands og þeirra ráðuneyta er fjölluðu um málið á þeim tíma. Einnig var þeim veitt leyfi til vinnslu persónuupplýsinga í umræddum skjölum í þágu rannsóknarinnar „Réttarhöld vegna óeirðanna á Austurvelli 30. mars 1949“.

**2015/1478** – Elísabetu Gísladóttur, stundakennara við Háskóla Íslands og lögfræðingi hjá umboðsmanni barna, og Ásgerði Fanneyju Bjarnadóttur laganema var veitt leyfi til vinnslu persónuupplýsinga úr gögnum mála hjá sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu og innanríkisráðuneytinu á árabílinu 2006-2016 þar sem reynir á 1. mgr. 43. gr. barnalaga nr. 76/2003, í þágu rannsóknarinnar „Er hægt að takmarka 12. gr. Barnasáttmálans?“.

**2016/613** – Elísabetu Gísladóttur, stundakennara við Háskóla Íslands og lögfræðingi hjá umboðsmanni barna, og Ólöfu Maríu Vigfúsdóttur laganema var veitt leyfi til vinnslu persónuupplýsinga úr gögnum mála hjá sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu þar sem umgengni við barn var komið á með aðför samkvæmt 50. gr. barnalaga nr. 76/2003 og ákvæðum laga um aðför nr. 90/1989, vegna rannsóknarinnar „Úrræði til þess að koma á umgengni í ljósi þess sem barni er fyrir bestu“.

**2016/866** – Oddi Finnssyni og Caroline Mellgren var veitt heimild til vinnslu persónuupplýsinga hjá Lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu í þágu rannsóknarinnar „Eðli og umfang hatursglæpa á höfuðborgarsvæðinu eins og þeir birtast í málaskrá lögreglu (LÖKE)“.

**2016/883** – Embætti ríkislögreglustjóra var veitt heimild til vinnslu persónuupplýsinga um gerendur í kynferðisbrotamálum yngri en 18 ára, árin 2012-2015, vegna rannsóknarinnar „Ungir gerendur í kynferðisafbrotamálum“.

**2016/1110** – Elísu Óðinsdóttur meistaranema og Jónu Margréti Ólafsdóttur, leiðbeinanda hennar, var veitt heimild til vinnslu persónuupplýsinga úr málaskrá barnaverndarnefndar Reykjavíkur vegna rannsóknarinnar „Afdrif foreldra sem tilkynntir hafa verið til barnaverndar vegna vímuefnavanda“.

**2016/1276** – Herði Ólafssyni og Jóni Magnúsi Kristjánssyni var veitt heimild til vinnslu persónuupplýsinga úr útkallslistum Neyðarlinunnar ohf. og Brunavarna Suðurnesja um útköll í Leifsstöð þar sem erlendur ferðamaður átti í hlut, í þágu rannsóknarinnar „Fjöldi erlendra ferðamanna í Leifsstöð sem sækja sér bráða heilbrigðisþjónustu á árunum 2010-2015“.

**2016/1186** – Nasdaq verðbréfamíðstöð hf. var veitt heimild til að veita Nasdaq Iceland hf. upplýsingar í hagtöluskyni, sbr. 2. mgr. 14. gr. laga nr. 131/1997 um rafræna eignarskráningu verðbréfa.



## Úrskurðir, álit og ákvarðanir stjórnar Persónuverndar 2016

### **1. Úrskurður um birtingu niðurstöðu leitar á vefleitarvél Google – mál nr. 2014 /1713**

Persónuvernd úrskurðaði um kvörtun yfir því að Google hefði neitað að fjarlægja niðurstöðu leitar á vefleitarvél sinni sem vísaði á fréttir um dóm í sakamáli á hendur kvartanda. Var kvartandi þar dæmdur til skilorðsbundinnar fangelsisrefsingar fyrir fjármunabrot í starfi sínu. Í úrskurðinum segir að málið falli undir landfræðilegt gildissvið laga nr. 77/2000. Þá kemur fram að Google sé heimilt að veita aðgang að niðurstöðu leitar um umdræddan dóm. Nánari útlistun á málavöxtum og bréfaskiptum má nálgast [á heimasíðu Persónuverndar](#).

### **2. Úrskurður um vinnslu persónuupplýsinga í Meniga-kerfi Íslandsbanka – mál nr. 2015/508**

Persónuvernd úrskurðaði að vinnsla Íslandsbanka á persónuupplýsingum í hugbúnaðinum Meniga í heimabankakerfi bankans samrýmdist lögum nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Nánari útlistun á málavöxtum og bréfaskiptum má nálgast [á heimasíðu Persónuverndar](#).

### **3. Úrskurður vegna skráningar í gagnagrunn Creditinfo – mál nr. 2015/1457**

Persónuvernd úrskurðaði að skráning persónuupplýsinga kvartanda í gagnagrunn Creditinfo samrýmdist lögum nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Nánari útlistun á málavöxtum og bréfaskiptum má nálgast [á heimasíðu Persónuverndar](#).

### **4. Úrskurður vegna miðlunar upplýsinga frá Þjóðskrá til Símans – mál nr. 2015/473**

Persónuvernd úrskurðaði að Þjóðskrá Íslands hefði verið heimilt að miðla tilteknum upplýsingum um kvartendur til Símans. Þá hefði vinnsla Símans á persónuupplýsingum um kvartendur samrýmt lögum nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Nánari útlistun á málavöxtum og bréfaskiptum má nálgast [á heimasíðu Persónuverndar](#).

### **5. Úrskurður um miðlun netfangalista í þágu vísindarannsóknar – mál nr. 2015/86**

Persónuvernd úrskurðaði að miðlun netfangalista frá Hjallastefnunni til Rannsóknarseturs Háskólans í Reykjavík hefði verið óheimil, þar sem hún byggði ekki á fullnægjandi vinnslusamningi. Þá var fræðslu til þátttakenda einnig ábótavant. Nánari útlistun á málavöxtum og bréfaskiptum má nálgast [á heimasíðu Persónuverndar](#).

### **6. Ákvörðun vegna birtingar á myndbandi af áhorfanda á knattspyrnuleik – mál nr. 2014/1357**

Persónuvernd vísaði frá kvörtun vegna birtingar á myndbandsupptöku af kvartanda sem var áhorfandi á knattspyrnuleik. Að mati Persónuverndar varð ekki litið svo á að stofnunin hefði vald til að taka bindandi ákvörðun um það hvort einhver hefði skapað sér ábyrgð að lögum með misnotkun á tjáningarfrelsi sínu samkvæmt 73. gr. stjórnarskrárinnar. Var þá sérstaklega litið til ákvæðis 5. gr. laga nr. 77/2000. Efnisleg úrlausn um kvörtunina hefði litið að því hvort birting myndbands, sem tekið var á opinberum viðburði þar sem allajafna má búast við upptökum, hefði farið út fyrir ramma áðurnefnds stjórnarskrárákvæðis. Í ljósi framangreinds og atvika málsins taldi Persónuvernd því úrlausn máls þessa falla undir dómstóla og var málinu vísað frá. Nánari útlistun á málavöxtum og bréfaskiptum má nálgast [á heimasíðu Persónuverndar](#).

### **7. Úrskurður um aðgang að tölvupósthólfi fyrrverandi starfsmanns – mál nr. 2015/767**

Persónuvernd úrskurðaði um aðgang fyrrverandi vinnuveitanda að tölvupósthólfi kvartanda. Var niðurstaða stofnunarinnar sú að skoðun á pósthólfinu hefði verið ólögmat þar sem kvartanda hefði ekki verið gefinn kostur á að eyða einkatölvupósti áður en skoðunin fór fram. Þá var

fræðsluskyldu ábótavant. Nánari útlitun á málavöxtum og bréfaskiptum má nálgast [á heimasíðu Persónuverndar](#).

**8. Úrskurður um miðlun persónuupplýsinga frá Tryggingastofnun ríkisins til Vegagerðinnar – mál nr. 2015/1275**

Persónuvernd úrskurðaði að miðlun viðkvæmra persónuupplýsinga um kvartanda frá Tryggingastofnun ríkisins til Vegagerðarinnar hefði brotið gegn lögum nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Nánari útlitun á málavöxtum og bréfaskiptum má nálgast [á heimasíðu Persónuverndar](#).

**9. Úrskurður um vinnslu Útlendingastofnunar á persónuupplýsingum frá Landspítala – mál nr. 2015/1381**

Persónuvernd úrskurðaði að skráning Útlendingastofnunar á upplýsingum fengnum frá Landspítala um umsækjanda um dvalarleyfi, sem og öll síðari vinnsla þeirra upplýsinga, þ. á m. miðlun þeirra til lögreglu, hefði farið í bága við lög nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Nánari útlitun á málavöxtum og bréfaskiptum má nálgast [á heimasíðu Persónuverndar](#).

**10. Úrskurður um rafræna vöktun í þéttbýli – mál nr. 2015/1060**

Persónuvernd úrskurðaði að rafræn vöktun í þéttbýlli götu hefði ekki uppfyllt ákvæði laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga og ákvæði reglna nr. 837/2006 um rafræna vöktun. Nánari útlitun á málavöxtum og bréfaskiptum má nálgast [á heimasíðu Persónuverndar](#).

**11. Úrskurður um uppsetningu eftirlitsmyndavéla í fjöleignarhúsi – mál nr. 2015/644**

Persónuvernd úrskurðaði að uppsetning eftirlitsmyndavélakerfis í fjöleignarhúsi hefði ekki verið í samræmi við lög nr. 77/2000. Þá sinni ábyrgðaraðili ekki fræðsluskyldu sinni samkvæmt 20. gr. laganna. Stofnunin lagði fyrir ábyrgðaraðila að veita íbúum fjöleignarhússins viðeigandi fræðslu í samræmi við þau atriði sem talin eru upp í ákvæðum laga nr. 77/2000 og reglna um rafræna vöktun. Nánari útlitun á málavöxtum og bréfaskiptum má nálgast [á heimasíðu Persónuverndar](#).

**12. Úrskurður um miðlun netfangs í þágu markaðssetningar – mál nr. 2015/71**

Persónuvernd úrskurðaði að miðlun netfangs kvartanda frá Hópkaupum til DCG Iceland ehf. hefði ekki samrýmst lögum nr. 77/2000. Stofnunin lagði fyrir Hópkaup að tryggja að viðskiptavinum þeirra yrði gefinn kostur á að andmæla miðlun upplýsinga um þá til þriðja aðila í þágu markaðssetningar. Nánari útlitun á málavöxtum og bréfaskiptum má nálgast [á heimasíðu Persónuverndar](#).

**13. Úrskurður um birtingu spurningalista með upplýsingum um heilsuhagi – mál nr. 2015/1326**

Persónuvernd úrskurðaði að óheimilt hefði verið að birta spurningalista með upplýsingum um heilsuhagi á vefsíðu þar sem gagnrýnd var niðurstaða í tilteknu dómsmáli, en spurningalistarnir höfðu verið lagðir fram í því máli. Nánari útlitun á málavöxtum og bréfaskiptum má nálgast [á heimasíðu Persónuverndar](#).

**14. Úrskurður um miðlun í skuldastöðukerfi – mál nr. 2015/1036**

Persónuvernd úrskurðaði að Lánasjóði íslenskra námsmanna hefði verið óheimilt að miðla upplýsingum um fyrndar kröfur í skuldastöðukerfi Creditinfo Lánstrausts hf. Um var að ræða kröfur í bú sem tekið hafði verið til gjaldþrotaskipta. Nánari útlitun á málavöxtum og bréfaskiptum má nálgast [á heimasíðu Persónuverndar](#).

**15. Úrskurður um vinnslu upplýsinga um nauðungarsölubeiðni – mál nr. 2015/1423**

Persónuvernd úrskurðaði í máli um færslu upplýsinga um nauðungarsölubeiði á skrá Creditinfo Lánstrausts hf. um fjárhagsmálefni og lánstraust einstaklinga. Var komist að þeirri að niðurstöðu að heimilt hefði verið að færa upplýsingarnar á skrána. Nánari útlistun á málavöxtum og bréfaskiptum má nálgast [á heimasíðu Persónuverndar](#).

**16. Úrskurður um miðlun upplýsinga um umdeilda skuld – mál nr. 2015/1519**

Persónuvernd úrskurðaði að miðlun banka á upplýsingum um umdeilda skuld til skráningar hjá Creditinfo Lánstrausti hf. hefði ekki samrýmst lögum nr. 77/2000. Var um að ræða endurupptöku á eldra máli, eins og nánar er rakið í úrskurðinum. Nánari útlistun á málavöxtum og bréfaskiptum má nálgast [á heimasíðu Persónuverndar](#).

**17. Ákvörðun um dagsektir – mál nr. 2014/1078**

Persónuvernd tók ákvörðun um álagningu dagsekta á ábyrgðaraðila vinnslu þar sem hann hafði ekki orðið við fyrirmælum stofnunarinnar um að fjarlægja ljósmyndir af kvartanda af tiltekinni vefsíðu, sbr. úrskurð Persónuverndar í máli nr. 2014/1078. Samkvæmt athugun Persónuverndar þann 1. febrúar 2016 hafði ábyrgðaraðilinn ekki farið að fyrirmælum stofnunarinnar. Frá og með 1. mars 2016 voru lagðar á ábyrgðaraðilann dagsektir að upphæð kr. 10.000 fyrir hvern dag sem liði án þess að persónuupplýsingar um kvartanda væru fjarlægðar af vefsíðunni. Nánari útlistun á málavöxtum og bréfaskiptum má nálgast [á heimasíðu Persónuverndar](#).

**18. Úrskurður um uppflettingu Securitas í vanskilaskrá – mál nr. 2014/1775**

Persónuvernd úrskurðaði að uppfletting Securitas á upplýsingum um einstakling í vanskilaskrá hefði ekki samrýmst lögum nr. 77/2000. Þá var því beint til Securitas að senda Persónuvernd skriflega lýsingu á því hvernig tryggt yrði framvegis að uppflettingar í skránni samrýmdust lögum. Nánari útlistun á málavöxtum og bréfaskiptum má nálgast [á heimasíðu Persónuverndar](#).

**19. Úrskurður um hljóðupptöku á húsfundi – mál nr. 2015/1464**

Persónuvernd úrskurðaði að hljóðupptökur á húsfundum hefðu ekki samrýmst ákvæðum laga nr. 77/2000. Nánari útlistun á málavöxtum og bréfaskiptum má nálgast [á heimasíðu Persónuverndar](#).

**20. Úrskurður um vinnslu og miðlun persónuupplýsinga frá Tollstjóranum í Reykjavík – mál nr. 2016/82**

Persónuvernd úrskurðaði að vinnsla persónuupplýsinga hjá embætti Tollstjórans í Reykjavík og miðlun þeirra til annarra löggæslufyrivalda hefði verið í samræmi við lög nr. 77/2000. Vinnsla Tollstjóra var heimil þar sem kveðið var á um hana í lögum og hún taldist nauðsynleg við beitingu opinbers valds. Nánari útlistun á málavöxtum og bréfaskiptum má nálgast [á heimasíðu Persónuverndar](#).

**21. Úrskurður um vinnslu LÍN á upplýsingum frá Ríkisskattstjóra – mál nr. 2015/1619**

Persónuvernd úrskurðaði að Lánasjóði íslenskra námsmanna hefði verið heimilt að afla upplýsinga um tekjur kvartanda frá Ríkisskattstjóra. Fræðsla gagnvart kvartanda hefði hins vegar ekki samrýmst 21. gr. laga nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Nánari útlistun á málavöxtum og bréfaskiptum má nálgast [á heimasíðu Persónuverndar](#).

**22. Ákvörðun um öflun persónuupplýsinga úr málaskrá lögreglu – mál nr. 2015/1617**

Persónuvernd tók ákvörðun í frumkvæðismáli sem laut að öflun Öryggismiðstöðvar Íslands hf. á upplýsingum um starfsmenn sína úr málaskrá lögreglu. Niðurstaða stofnunarinnar var að umrædd vinnsla persónuupplýsinga samrýmdist ekki kröfum 7. gr. laga nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, um málefnalega og sanngjarna vinnslu, meðalhóf og áreiðanleika við

vinnslu persónuupplýsinga. Nánari útlitun á málavöxtum og bréfaskiptum má nálgast [á heimasíðu Persónuverndar](#).

**23. Álit um fæðingarland – mál nr. 2015/1320**

Persónuvernd veitti álit á því hvort upplýsingar um fæðingarland einstaklings teldust til viðkvæmra persónuupplýsinga. Í álitinu kom fram að samkvæmt a-lið 8. tölul. 2. gr. laga nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, teldust upplýsingar um uppruna til viðkvæmra persónuupplýsinga. Upplýsingar um fæðingarland einar og sér gætu þó ekki fallið undir hugtakið „uppruna“. Þær teldust því ekki til viðkvæmra persónuupplýsinga í skilningi laganna. Nánari útlitun á málavöxtum og bréfaskiptum má nálgast [á heimasíðu Persónuverndar](#).

**24. Úrskurður um vinnslu og miðlun Útlendingastofnunar á persónuupplýsingum í útvarpsviðtali – mál nr. 2015/692**

Persónuvernd úrskurðaði að vinnsla Útlendingastofnunar á persónuupplýsingum um kvartendur í tengslum við útvarpsviðtal hefði samrýmst ákvæðum laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Nánari útlitun á málavöxtum og bréfaskiptum má nálgast [á heimasíðu Persónuverndar](#).

**25. Úrskurður um rafræna vöktun í fjöleignarhúsi – mál nr. 2015/1211**

Persónuvernd úrskurðaði að rafræn vöktun á vegum Hlemms Square í sameign fjöleignarhúss, þ.e. með eftirlitsmyndavélum við lyftuinnangang og í stigagangi, hefði verið óheimil áður en hún var samþykkt á húsfundi. Var ábyrgðaraðila vöktunarinnar gert að eyða vöktunarefni sem vélarnar söfnuðu fyrir þann tíma. Þá voru merkingar um vöktunina taldar ófullnægjandi og lagt fyrir ábyrgðaraðila að bæta úr annmörkum á þeim og veita fræðslu í samræmi við kröfur þar að lútandi. Nánari útlitun á málavöxtum og bréfaskiptum má nálgast [á heimasíðu Persónuverndar](#).

**26. Ákvörðun um vinnslu persónuupplýsinga vegna umsóknar um fjárhagsaðstoð – mál nr. 2015/1539**

Persónuvernd felldi niður mál vegna kvörtunar yfir vinnslu persónuupplýsinga í tengslum við umsókn kvartanda um fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg. Kvartandi hélt því fram í málinu að honum hefði verið gert að framvísa auðkennislykli fyrir heimabanka í viðtali hjá fjármálaráðgjafa en því var andmælt af hálfu ábyrgðaraðila. Ágreiningur var því um málsatvik og þar sem Persónuvernd hafði ekki frekari úrræði að lögum til að kanna staðreyndir málsins var það felld niður. Nánari útlitun á málavöxtum og bréfaskiptum má nálgast [á heimasíðu Persónuverndar](#).

**27. Úrskurður um vinnslu persónuupplýsinga hjá VIRK – starfsendurhæfingarsjóði – mál nr. 2015/1283**

Persónuvernd úrskurðaði að vinnsla persónuupplýsinga á grundvelli eyðublaðs VIRK - starfsendurhæfingarsjóðs, um upplýst samþykki fyrir vinnslu slíkra upplýsinga í þágu starfsemi sjóðsins, samrýmdist lögum nr. 77/2000. Nánari útlitun á málavöxtum og bréfaskiptum má nálgast [á heimasíðu Persónuverndar](#).

**28. Úrskurður um símhringingu á vegum stúdentahreyfingar – mál nr. 2016/236**

Persónuvernd úrskurðaði að símhringing Vöku, félags lýðræðissinnaðra stúdenta, í kvartanda hefði ekki samrýmst lögum nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Kvartandi hafði látið færa nafn sitt á bannskrá Þjóðskrár Íslands, en á henni eru nöfn einstaklinga sem andmæla því að beint sé að þeim beinni markaðssetningu. Nánari útlitun á málavöxtum og bréfaskiptum má nálgast [á heimasíðu Persónuverndar](#).

**29. Ákvörðun um öryggi við sendingu vegabréfa – mál nr. 2016/445**

Persónuvernd tók ákvörðun í frumkvæðismáli sem laut að sendingu vegabréfa í almennum bréfpósti. Niðurstaða Persónuverndar var sú að Þjóðskrá Íslands bæri að tryggja að öryggis og trúnaðar sé gætt við meðferð persónuupplýsinga í tengslum við sendingu vegabréfa. Þá var lagt fyrir Þjóðskrá Íslands að upplýsa Persónuvernd um ráðstafanir til að tryggja slíkt öryggi fyrir 1. desember 2016. Nánari útlistun á málavöxtum og bréfaskiptum má nálgast [á heimasíðu Persónuverndar](#).

**30. Úrskurður um bannlista hjá IKEA – mál nr. 2016/253.**

Persónuvernd úrskurðaði að vinnsla IKEA á persónuupplýsingum um kvartanda, sem fólst í skráningu hans á lista yfir einstaklinga sem ekki væru velkomnir í verslun fyrirtækisins, hefði ekki samrýmst lögum nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Var IKEA gert að afmá persónuupplýsingar um kvartanda af listanum. Nánari útlistun á málavöxtum og bréfaskiptum má nálgast [á heimasíðu Persónuverndar](#).

**31. Úrskurður um sölusímtal á vegum tryggingafyrirtækis – mál nr. 2016/740**

Persónuvernd úrskurðaði að sölusímtal Tryggingamiðstöðvarinnar til kvartanda hefði farið í bága við ákvæði persónuverndarlaga um bann við vinnslu persónuupplýsinga í markaðssetningarskyni. Kvartandi var skráður á bannskrá Þjóðskrár Íslands. Þá var lagt fyrir Tryggingamiðstöðina að senda Persónuvernd lýsingu á ráðstöfunum sem tryggðu að farið væri að framangreindu ákvæði. Nánari útlistun á málavöxtum og bréfaskiptum má nálgast [á heimasíðu Persónuverndar](#).

**32. Úrskurður um notkun Heimilis – fasteignasölu á ljósmyndum af íbúð – mál nr. 2016/734**

Persónuvernd úrskurðaði að notkun Heimilis – fasteignasölu á ljósmyndum af íbúð sem teknar voru þegar kvartandi bjó þar hefði farið í bága við lög nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Nánari útlistun á málavöxtum og bréfaskiptum má nálgast [á heimasíðu Persónuverndar](#).

**33. Úrskurður um skráningu nauðungarsölubeiðni á vanskilaskrá – mál nr. 2016/303**

Persónuvernd úrskurðaði að skráning Creditinfo Lánstrausts hf. á nauðungarsölubeiðni hefði verið heimil. Kvartandi byggði m.a. á því að um væri að ræða kröfu sem hvíldi á fyrrverandi eiginkonu hans samkvæmt samkomulagi um fjárslit hjóna við skilnað. Persónuvernd komst að þeirri niðurstöðu að ekki hefði verið um að ræða upplýsingar um umdeilda kröfu í skilningi ákvæðisins, en auk þess hefði skráning ekki verið óheimil á þeim grundvelli að kvartandi teldist ekki lengur eigandi þeirrar fasteignar sem beiðst var nauðungarsölu á. Var niðurstaða Persónuverndar því sú að færa hefði mátt upplýsingar um nauðungarsölubeiðnina á umrædda skrá Creditinfo Lánstrausts hf. Nánari útlistun á málavöxtum og bréfaskiptum má nálgast [á heimasíðu Persónuverndar](#).

**34. Úrskurður um bréfsendingu í merktu umslagi – mál nr. 2016/875**

Persónuvernd úrskurðaði að bréfsending Tryggingastofnunar ríkisins í merktu umslagi stofnunarinnar hefði samrýmst lögum nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Nánari útlistun á málavöxtum og bréfaskiptum má nálgast [á heimasíðu Persónuverndar](#).

**35. Úrskurður um miðlun persónuupplýsinga frá Tryggingamiðstöðinni – mál nr. 2016/911**

Persónuvernd úrskurðaði að miðlun persónuupplýsinga frá Tryggingamiðstöðinni til þriðja aðila hefði ekki verið í samræmi við lög nr. 77/2000. Nánari útlistun á málavöxtum og bréfaskiptum má nálgast [á heimasíðu Persónuverndar](#).



**36. Úrskurður um rannsókn vegna kvörtunar yfir einelti á vinnustað – mál nr. 2016/266**

Persónuvernd úrskurðaði í máli um vinnslu persónuupplýsinga í tengslum við rannsókn sálfræðings vegna kvörtunar yfir einelti á vinnustað. Kvörtun í málinu beindist að vinnustaðnum og var krafist endurskoðunar á niðurstöðum sálfræðingsins. Þar sem Persónuvernd taldi sálfræðinginn, en ekki vinnustaðinn, vera ábyrgðaraðila að vinnslu persónuupplýsinga vegna sjálfrar rannsóknarinnar taldi hún sér ekki unnt að fjalla efnislega um þá kröfu. Jafnframt taldi stofnunin hins vegar vinnustaðinn vera ábyrgðaraðila að varðveislu á greinargerð sálfræðingsins. Taldi Persónuvernd ljóst að vinnustaðnum væri ekki þörf á skýrslunni í þágu starfsemi sinnar, en vegna laga um opinber skjalasöfn, sem hann fellur undir, taldi hún sér ekki unnt að mæla fyrir um eyðingu skýrslunnar. Hins vegar lagði stofnunin bann við notkun greinargerðarinnar og mælti fyrir um að aðgangur að henni skyldi takmarkaður. Nánari útlistun á málavöxtum og bréfaskiptum má nálgast [á heimasíðu Persónuverndar](#).

**37. Úrskurður um birtingu upplýsinga um eignarhald á hestum – mál nr. 2016/412**

Persónuvernd úrskurðaði að vinnsla Bændasamtaka Íslands á upplýsingum um eignarhald á hestum á vefsíðunni [www.worldfengur.com](http://www.worldfengur.com) hefði samrýmst lögum nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Nánari útlistun á málavöxtum og bréfaskiptum má nálgast [á heimasíðu Persónuverndar](#).

**38. Úrskurður um miðlun lögreglu á upplýsingum um ætlað heimilisofbeldi á heimili kvartanda til barnaverndarnefndar Kópavogs – mál nr. 2016/584**

Persónuvernd úrskurðaði að miðlun lögreglu á upplýsingum um ætlað heimilisofbeldi á heimili kvartanda til barnaverndarnefndar Kópavogs hefði samrýmst lögum nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, m.a. með vísan til 1. mgr. 18. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002, þar sem segir að ef lögregla verði þess vör að barn búi við aðstæður eins og lýst er í 16. gr. laganna skuli hún tilkynna barnaverndarnefnd um það. Þeirri afstöðu var lýst af hálfu lögreglu að það hvort barn hefði verið viðstatt ætlað heimilisofbeldi þyrfti ekki að skipta máli um hvort aðstæður á heimili væru þess eðlis að tilkynningarskyldan ætti við. Persónuvernd taldi það ekki falla í sinn hlut að endurskoða þetta mat lögreglu, enda hefði mátt gera ráð fyrir að kvartandi nyti umgengni við barn sitt. Nánari útlistun á málavöxtum og bréfaskiptum má nálgast [á heimasíðu Persónuverndar](#).

**39. Úrskurður um miðlun barnaverndarnefndar Kópavogs á upplýsingum um efni lögregluskýrslu til barnsmóður kvartanda – mál nr. 2016/582**

Persónuvernd úrskurðaði að miðlun barnaverndar Kópavogs á upplýsingum um efni lögregluskýrslu til barnsmóður kvartanda hefði samrýmst lögum nr. 77/2000. Var sú niðurstaða á því byggð að miðlunin hefði stuðst við heimild í 1. mgr. 21. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002, en þar segir að barnaverndarnefnd skuli tilkynna foreldrum um að borist hafi tilkynning um að barn búi við aðstæður eins og lýst er í 16. gr. laganna. Nánari útlistun á málavöxtum og bréfaskiptum má nálgast [á heimasíðu Persónuverndar](#).

**40. Ákvörðun um birtingu viðkvæmra persónuupplýsinga á Facebook-síðu – mál nr. 2016/581**

Persónuvernd tók ákvörðun í máli sem laut að því að barnsmóðir kvartanda birti viðkvæmar persónuupplýsingar um hann á Facebook, þar á meðal upplýsingar um efni lögregluskýrslu. Í færslunni sem kvörtunin laut að fjallaði barnsmóðir kvartanda um samband þeirra tveggja og ágreining þeirra um umgengni hans við barn sitt. Tengdist umrædd birting því mjög persónubundnum hagsmunum hennar sjálfrar. Persónuvernd taldi að efnisleg úrslausn málsins lyti að því hvort barnsmóðir kvartanda hefði farið út fyrir ramma stjórnarskrárvarins tjáningarfrelsis síns. Það væri ekki á valdi Persónuverndar að ákveða hvort einhver hefði bakað

sér ábyrgð að lögum með misnotkun á tjáningarfrelsi sínu samkvæmt 73. gr. stjórnarskrárinnar, heldur yrði slíkt talið heyra undir dómstóla. Var málinu því vísað frá. Nánari útlistun á málavöxtum og bréfaskiptum má nálgast [á heimasíðu Persónuverndar](#).

#### **41. Ákvörðun um uppflettingu í sjúkraskrá – mál nr. 2015/1093**

Persónuvernd tók ákvörðun í máli vegna uppflettinga læknis á Landspítala í sjúkraskrá fyrrverandi eiginkonu sinnar. Komst Persónuvernd að þeirri niðurstöðu að í málinu stæði orð gegn orði og henni væru ekki búin úrræði að lögum til að rannsaka málið frekar. Hins vegar var lagt fyrir Landspítalann að setja sér verklagsreglur um aðgang heilbrigðisstarfsmanna að sjúkraskrá þeirra sem eru eða hafa verið nánir aðstandendur starfsmanns. Nánari útlistun á málavöxtum og bréfaskiptum má nálgast [á heimasíðu Persónuverndar](#).

#### **42. Álit um skrár landlæknis – mál nr. 2014/766**

Persónuvernd veitti álit í máli af tilefni kröfu Embættis landlæknis um að sjálfstætt starfandi sérfræðingar sendi því upplýsingar um sjúklinga sína til skráningar í samskiptaskrá sjálfstætt starfandi sérfræðinga. Í álitinu er meðal annars lýst þeirri afstöðu að tilefni kunni að vera til að fara yfir löggjöf um persónugreinanlegar skrár embættisins. Þá segir að í því sambandi megi skoða hvort ástæða sé til að lögfesta sérstakan andmælarétt í tengslum við skrárnar, sem og hversu víðtækur hann skuli þá vera, þ. á m. til hvaða upplýsinga og skráa hann taki. Nánari útlistun á málavöxtum og bréfaskiptum má nálgast [á heimasíðu Persónuverndar](#).

#### **43. Úrskurður um öflun fjárhagsupplýsinga við útgáfu kreditkorts – mál nr. 2016/4**

Persónuvernd úrskurðaði að öflun fjárhagsupplýsinga hjá Íslandsbanka, í tengslum við útgáfu kreditkorts, hefði verið í samræmi við persónuverndarlög. Nánari útlistun á málavöxtum og bréfaskiptum má nálgast [á heimasíðu Persónuverndar](#).

#### **44. Álit um heilsufarsviðtöl á Landspítala – mál nr. 2016/684**

Persónuvernd veitti álit í tilefni af vinnslu persónuupplýsinga í tengslum við framkvæmd heilsufarsviðtala við starfsmenn Landspítala. Í álitinu Persónuverndar var meðal annars lýst þeirri afstöðu að fyrirhuguð vinnsla gæti átt sér stoð í heimildarákvæðum persónuverndarlaga. Þá benti Persónuvernd á mikilvægi þess að meðalhófs yrði gætt við vinnsluna. Nánari útlistun á málavöxtum og bréfaskiptum má nálgast [á heimasíðu Persónuverndar](#).

#### **45. Úrskurður um uppflettingu í vanskilaskrá vegna raðgreiðslusamninga – mál nr. 2016/579.**

Persónuvernd úrskurðaði að uppfletting Borgunar á upplýsingum um kvartanda í vanskilaskrá við gerð tveggja raðgreiðslusamninga hefði verið í samræmi við persónuverndarlög. Nánari útlistun á málavöxtum og bréfaskiptum má nálgast [á heimasíðu Persónuverndar](#).

#### **46. Ákvörðun um réttinn til að gleymast – mál nr. 2015/1015**

Persónuvernd tók ákvörðun í máli sem laut að kvörtun yfir forsiðufrétt, blaðgrein og mynd af kvartanda sem áður höfðu birst í fjölmiðli en voru endurbirtar á vefnum Tímarit.is. Kvartandi fór fram á að Landsbókasafni – háskólabókasafni, sem hefur umsjón með vefnum Tímarit.is, yrði gert að fjarlægja umfjöllunina af vefnum. Þá fór kvartandi fram á að Persónuvernd endurskoðaði þá ákvörðun Google Inc. að hafna beiðni kvartanda um að leitarniðurstöður leitarvélarinnar Google, sem vísuðu á fyrrgreinda umfjöllun á Tímarit.is þegar leitað var eftir nafni kvartanda, yrðu fjarlægðar. Undir rekstri málsins ákvað Google Inc. að endurskoða afstöðu sína til beiðni kvartanda og fjarlægja þær leitarniðurstöður sem kvörtunin tilgreindi. Persónuvernd tók því eingöngu til umfjöllunar þann hluta kvörtunarinnar sem sneri að vefnum Tímarit.is. Í niðurstöðu Persónuverndar kom fram að með efnislegri úrlausn um umrædda birtingu, þar á meðal úrlausn um það hvort umræddum blaðgreinum skyldi eytt af vefnum, yrði að taka afstöðu til þess hvor

rétturinn vægi þyngra, tjáningarfrelsið, skv. 73. gr. stjórnarskrárinnar, eða friðhelgi einkalífs, skv. 71. gr. hennar. Samkvæmt 37. gr. laga nr. 77/2000 hefði Persónuvernd það hlutverk að úrskurða í ágreiningsmálum sem upp kunna að koma um vinnslu persónuupplýsinga á Íslandi. Einnig segði hins vegar að ekki yrði litið svo á að í þessu fælist að stofnunin hefði vald til að taka bindandi ákvörðun um mörk réttinda samkvæmt framangreindum stjórnarskrárákvæðum, heldur yrði slíkt talið heyra undir dómstóla. Eins og hér háttaði til fæli efnisleg úrlausn Persónuvernd í sér niðurstöðu um mörk þessara réttinda. Kvörtuninni var því vísað frá. Útdrátt úr málinu má nálgast [á heimasíðu Persónuverndar](#).

#### ***47. Úrskurður um réttinn til að gleymast – mál nr. 2016/181***

Persónuvernd úrskurðaði í máli vegna kvörtunar yfir umfjöllun tveggja dagblaða um einstakling sem sóttist eftir opinberri stöðu á þeim tíma sem umfjöllunin var birt. Umfjöllunin sneri að persónu kvartanda og var hann þar sakaður um brot og ámælisverða háttsemi. Umfjöllunin var birt á vefnum Tímarit.is og fór kvartandi fram á að hún yrði fjarlægð. Þá fór hann jafnframt fram á að Persónuvernd endurskoðaði niðurstöðu Google Inc., sem hafði hafnað beiðni kvartanda um að fjarlægðar yrðu leitarniðurstöður, sem vísuðu á fyrrgreinda umfjöllun á vefnum Tímarit.is þegar leitað var eftir nafni kvartanda í leitarvélinni Google. Niðurstaða Persónuverndar um kvörtunina gegn vefnum Tímarit.is var á sama veg í í máli nr. 2015/1015, sem greint er frá hér að framan. Var þeim hluta kvörtunarinnar því vísað frá. Hins vegar komst Persónuvernd að þeirri niðurstöðu að sú vinnsla persónuupplýsinga um kvartanda, sem fólst í því að birta fyrrnefndar niðurstöður í leitarvél Google þrátt fyrir andmæli hans, samrýmdist ekki 8. gr. laga nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Google bæri því að fjarlægja þær vefsíður sem kvörtunin tók til úr niðurstöðu leitar að nafni kvartanda í leitarvél Google. Útdrátt úr málinu má nálgast [á heimasíðu Persónuverndar](#).



---

# Erlent samstarf

---

## Samstarf norrænna persónuverndarstofnana

Sameiginlegur norrænn fundur forstjóra, lögfræðinga og tæknisérfræðinga Persónuverndarstofnana var haldinn í Reykjavík 11. og 12. maí 2016. Fundurinn, sem um 30 manns sóttu, hófst á sameiginlegri málstofu þar sem hver stofnun greindi frá helstu málum og áherslum í starfi sínu síðastliðið ár. Helstu umræðuefni fundarins þetta árið voru innleiðing nýrrar Evrópureglugerðar á sviði persónuverndar, persónuvernd í atvinnulífinu og vinnsla persónuupplýsinga hjá fjárhagsupplýsingastofum.

Framhaldsfundur fyrir forstjóra norrænna persónuverndarstofnana og helstu sérfræðinga þeirra var haldinn í sendiráði Íslands í Brussel hinn 14. desember 2016. Forstjóri Persónuverndar stýrði fundinum og naut liðsinnis verkefnisstjóra EES-mála. Auk framangreindra sátu fundinn þau Steve Wood, Interim Deputy Commissioner, og Hannah McCausland, Senior International Policy Officer, frá bresku persónuverndarstofnuninni (e. Information Commissioner's Office – ICO). Gestir fundarins voru Giovanni Buttarelli, European Data Protection Supervisor, og Wojciech Wiewiórowski, Assistant Supervisor. Aðalumræðuefni fundarins var væntanleg ný persónuverndarlöggjöf í Evrópu. Farið var yfir áskoranir fyrir persónuverndarstofnanirnar sjálfar, alþjóðlega samvinnu og norræna samvinnu (e. GDPR: DPA level, GDPR: National level, GDPR: Nordic level). Meðal annars var rætt um nauðsyn þess að kortleggja þekkingarþörf, nauðsyn þjálfunar vegna nýrrar löggjafar, útgáfu vottorða, fjármögnun, tilkynningar um öryggisbresti, samvinnu persónuverndarstofnana við önnur yfirvöld og áhrif á tengda löggjöf.

## Starf vinnuhóps samkvæmt 29. gr. tilskipunar 95/46/EB

Hér er um að ræða ráðgefandi vinnuhóp sem starfar samkvæmt 29. gr. tilskipunar 95/46/EB um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálst flæði slíkra upplýsinga, en íslensk löggjöf verður að samrýmast þessari tilskipun.

Vinnuhópurinn, sem heldur fundi sína í Brussel, er skipaður forstjórum og öðrum háttsettum fulltrúum persónuverndarstofnana í aðildarríkjum ESB, sem og áheyrnarfulltrúum frá öðrum þeim löndum sem fara að reglum tilskipunarinnar, þ. á m. Íslandi.

Á árinu 2016 voru haldnir fimm fundir: 104. fundur var 2.-3. febrúar, sóttur af forstjóra; 105. fundur var 12.-13. apríl, sóttur af sviðsstjóra lögfræðisviðs; 106. fundur var 7.-8. júní, 107. fundur var 27.-28. september, sóttur af forstjóra, og 108. fundur var 12.-13. desember.

Vinnuhópurinn tekur mál upp að frumkvæði formanns, eftirlitsyfirvalda í aðildarríkjum Evrópusambandsins eða framkvæmdastjórnar þess. Á fundunum eru samþykkt, með einföldum meirihluta atkvæða, álit og tilmæli um þau efni sem þar eru rædd. Þau eru send framkvæmdastjórninni, sem tekur síðan bindandi ákvarðanir, m.a. um til hvaða landa utan EES-svæðisins senda megi persónuupplýsingar, og ráðgjafarnefnd hennar um málefni tengd vinnslu persónuupplýsinga. Ákvæði um þá nefnd eru í 31. gr. tilskipunar 95/46/EB. Hún er skipuð fulltrúum aðildarríkja ESB.

Helstu skjöl, sem vinnuhópurinn samþykkti á árinu 2016, eru eftirtalin:

- Álit 03/2016 um mat og endurskoðun á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2002/58/EB frá 12. júlí 2002 um vinnslu persónuupplýsinga og verndun einkalífs í fjarskiptum (ePrivacy Directive).
- Álit 02/2016 um birtingu persónuupplýsinga af hálfu hins opinbera í þágu gagnsæis.
- Álit 01/2016 um drög að ákvörðun framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins um samkomulag um flutning persónuupplýsinga milli Bandaríkjanna og Evrópu (EU-US Privacy Shield).
- Vinnuskjal 01/2016 um réttlæt看leg inngríp í grundvallarréttindi til friðhelgi einkalífs og persónuvernd í tengslum við eftirlitsráðstafanir við flutning persónuupplýsinga.
- Yfirlýsing um aðgerðaáætlun fyrir árið 2016 í tengslum við innleiðingu nýrrar persónuverndarlöggjafar Evrópusambandsins (the General Data Protection Regulation - GDPR).
- Starfsáætlun 2016-2018.

### Samstarf evrópskra persónuverndarstofnana

Vorfundur forstjóra evrópskra persónuverndarstofnana var haldinn 26.–27. maí 2016 í Búdapest í Ungverjalandi. Fundurinn var ekki sóttur.

Á vegum Evrópska persónuverndarfulltrúans (e. European Data Protection Supervisor (EDPS)) voru haldnir fundir nefndar sem hefur eftirlit með meðferð persónuupplýsinga í Schengen-upplýsingakerfinu. Í nefndinni eru fulltrúar frá persónuverndarstofnunum viðkomandi ríkja og samhæfa þeir eftirlit sitt á umræddum fundum. Á árinu 2016 voru fundirnir tveir, haldnir í Brussel 14. apríl og 22. nóvember. Skrifstofustjóri lögfræðisviðs sótti fundina af hálfu Persónuverndar.

Einnig eru á vegum EDPS haldnir fundir nefndar til samræmingar á eftirliti með VIS-gagnagrunninum (e. VIS Supervision Coordination Group). VIS stendur fyrir „Visa Information System“, en þar er um að ræða tölvukerfi með margvíslegum upplýsingum um þá sem sækja um vegabréfsáritun í einhverju aðildarríkja Schengen, þ. á m. fingraförum viðkomandi og ljósmyndum. Í nefndinni eru fulltrúar frá persónuverndarstofnunum viðkomandi ríkja. Haldnir voru tveir fundir á árinu 2016, þ.e. 15. apríl og 23. nóvember. Skrifstofustjóri lögfræðisviðs sótti fundina af hálfu Persónuverndar.

Að auki eru á vegum EDPS haldnir fundir nefndar sem hefur eftirlit með vinnslu persónuupplýsinga í Eurodac-fingrafarakerfinu. Í það kerfi eru skráðar upplýsingar um fingraför umsækjenda um alþjóðlega vernd, þeirra sem dvelja ólöglega í aðildarríki eða koma ólöglega yfir landamæri og er ekki vísað frá. Gagnagrunnurinn er notaður til að auðkenna viðkomandi einstaklinga í tengslum við framkvæmd Dyflinnarreglugerðarinnar sem fjallar um ákvörðun þess hvaða aðildarríki fari með hælisúmsóknir. Framangreind nefnd vegna eftirlits með þessum gagnagrunni hélt tvo fundi á árinu 2016, þ.e. 15. apríl og 23. nóvember. Skrifstofustjóri lögfræðisviðs sótti fundina af hálfu Persónuverndar.

### Samstarf vinnuhóps sérfræðinga EFTA á sviði persónuverndar

Hér er um að ræða samstarf vinnuhóps sérfræðinga EFTA sem heyrir undir undirnefnd II hjá EFTA-skrifstofunni í Brussel. Vinnuhópurinn hélt þrjá fundi á árinu 2016 og voru þeir allir sóttir af Persónuvernd, tveir af skrifstofustjóra upplýsingaöryggis og sá síðasti af verkefnisstjóra EES-mála. Voru þeir haldnir í húsakynnum EFTA í Brussel þann 12. febrúar, 24. maí og 11. október 2016.

Í vinnuhópnum sitja fulltrúar ráðuneyta EFTA-ríkjanna, sendiráða þeirra í Brussel og persónuverndarstofnana sem koma að innleiðingu gerða Evrópusambandsins í landsrétt EFTA-ríkjanna. **Aðalumræðuefni fundanna** var einkum ný reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679 frá 27. apríl 2016 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga og niðurfellingu tilskipunar 95/46/EB (almenna persónuverndarreglugerðin eða GDPR). Þá voru ræddir einstaka þættir reglugerðarinnar ásamt þverlægum málefnum (e. horizontal issues) tengdum innleiðingu hennar í íslenskan rétt. Einnig var rætt um innleiðingu ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1250 um samkomulag um flutning persónuupplýsinga milli Bandaríkja og Evrópu (e. Privacy Shield) ásamt öðrum málefnum tengdum persónuvernd.

### Alþjóðlegt samstarf

**38. alþjóðaráðstefna forstjóra persónuverndarstofnana** var haldin 17.-21. október 2016 í Marrakech í Marokkó. Helsta umfjöllunarefni ráðstefnunnar var gervigreind og vélmenni (e. Robotics – Artificial Intelligence) ásamt vernd einkalífs og persónuvernd á tölvuöld (e. Privacy in a digital age). Ráðstefnan var sótt af forstjóra og skrifstofustjóra upplýsingaöryggis.

**Alþjóðlegur vinnuhópur um persónuvernd í fjarskiptum** hélt tvo fundi, þ.e. dagana 25.-26. apríl 2016 í Ósló og 22.-23. nóvember 2016 í Berlín. Skrifstofustjóri upplýsingaöryggis sótti fundina. Á þeim voru rædd ýmis málefni tengd persónuvernd í fjarskiptum, m.a. notkun lífkenna við auðkenningu á Netinu (e. biometrics in Online Authentication) og álitamál tengd friðhelgi einkalífsins og öryggi við notkun talsímáþjónustu yfir Netid (e. Internet Telephony).

### Samstarf á vettvangi Evrópuráðsins

Ad hoc-nefnd Evrópuráðsins (CAHDATA-nefndin) um endurskoðun á samningi ráðsins nr. 108/1981, um vernd einstaklinga varðandi vélræna vinnslu persónuupplýsinga, hélt sinn fjórða og síðasta fund í Strasbourg 15.-16. júní 2017 og sótti lögfræðingur hjá Persónuvernd þann fund. Evrópuráðið greiddi ferða- og gistikostnað.

Lögfræðingur hjá Persónuvernd sótti einnig ráðstefnu um fyrrgreindan samning nr. 108/1981 á vegum Evrópuráðsins, sem haldin var í Strasbourg 17. júní 2017. Ráðstefnan bar yfirskriftina „Convention 108: From a European Reality to a Global Treaty“. Meðal umræðuefna voru samspil samningsins og persónuverndarlöggjafar Evrópusambandsins, kostir aðildar að samningnum, öryggi persónuupplýsinga og fleira.

Þá hélt ráðgefandi nefnd Evrópuráðsins um gagnavernd (T-PD) 33. fund sinn í Strasbourg 29. júní – 1. júlí 2016. Fundurinn var ekki sóttur af hálfu Persónuverndar.

---

# Persónuvernd árið 2016

---

## Stjórn og starfsfólk á árinu 2016



**Stjórn Persónuverndar árið 2016:** Stjórn Persónuverndar var fyrri hluta árs 2016 skipuð með eftirfarandi hætti: Formaður stjórnar var Björg Thorarensen, prófessor við lagadeild Háskóla Íslands. Auk hennar sátu í stjórn stofnunarinnar Aðalsteinn E. Jónasson, hæstaréttarlögmaður og varaformaður stjórnar, Ólafur Garðarsson hæstaréttarlögmaður, Haraldur Briem sóttvarnalæknir og Sigrún Gunnarsdóttir, formaður Skýrslutæknifélags Íslands. Varamenn voru Kristín Edwald hæstaréttarlögmaður, Tryggvi Viggósson héraðsdómslögmaður, Ástríður Grímsdóttir héraðsdómari, Vilhelmína Haraldsdóttir læknir og Þorvarður Kári Ólafsson, gæða- og öryggisstjóri.

### Hinn 10. júní 2016 skipaði dómismálaráðherra nýja stjórn Persónuverndar, með eftirfarandi hætti:

Björg Thorarensen, formaður stjórnar, prófessor við lagadeild Háskóla Íslands,  
Aðalsteinn E. Jónasson hæstaréttarlögmaður, varaformaður stjórnar,  
Ólafur Garðarsson hæstaréttarlögmaður, öll tilnefnd af ráðherra,  
Vilhelmína Haraldsdóttir læknir, tilnefnd af Hæstarétti Íslands,  
Þorvarður Kári Ólafsson, gæða- og öryggisstjóri, tilnefndur af Skýrslutæknifélagi Íslands.

Varamenn eru Kristín Edwald hæstaréttarlögmaður, Tryggvi Viggósson héraðsdómslögmaður, Ástríður Grímsdóttir héraðsdómari, öll tilnefnd af ráðherra, Haraldur Briem læknir, tilnefndur af Hæstarétti Íslands, og Jónas Sturla Sverrisson öryggisstjóri, tilnefndur af Skýrslutæknifélagi Íslands.

### Forstjóri Persónuverndar er Helga Þórisdóttir.

Skrifstofustjóri lögfræðisviðs árið 2016 var Þórður Sveinsson og skrifstofustjóri upplýsingaöryggis var Alma Tryggvadóttir. Vigdís Eva Líndal var verkefnisstjóri EES-mála. Starfsmenn voru samtals átta árið 2016.

Persónuvernd hefur skrifstofu að Rauðarárstíg 10, 105 Reykjavík. Símanúmer stofnunarinnar er 510-9600, faxnúmerið er 510-9606 og netfangið er [postur@personuvernd.is](mailto:postur@personuvernd.is). Á heimasíðu Persónuverndar, [www.personuvernd.is](http://www.personuvernd.is), er m.a. að finna lög nr. 77/2000, upplýsingar um stofnunina, eyðublöð fyrir kvartanir, tilkynningar, leyfisumsóknir og fleira, og reglur sem stofnunin hefur sett, auk ýmislegs er lýtur að starfsemi hennar.

## Um starfið árið 2016

Skýrsla þessi, sem birt er samkvæmt 7. tölul. 1. mgr. 37. gr. laga nr. 77/2000, er sextánda ársskýrsla Persónuverndar.


Ný skráð mál á árinu 2016 voru samtals 1.865 talsins en á árinu voru jafnframt til afgreiðslu 249 óafgreidd erindi frá fyrra ári. Alls hafði stofnunin því til meðferðar 2114 mál á árinu. Þar af höfðu 1.676 mál verið afgreidd við árslok 2016. Árið 2015 bárust Persónuvernd alls 1.754 ný mál. Enn hefur því orðið aukning á milli ára, eða sem nemur 111 málum. Mála fjöldi hjá Persónuvernd hefur rúmlega þrefaldast frá árinu 2002.



Á árinu 2016 bárust Persónuvernd 495 tilkynningar um vinnslu persónuupplýsinga. eru þær allar birtar á heimasíðu stofnunarinnar. Eftirfarandi tafla sýnir tegundir nýskráðra mála 2016 og fjölda þeirra:

Tegundir	Fjöldi
Erlent samstarf	149
Frumkvæðismál	33
Fyrirspurnir/umsagnir/álit	560
Innri mál	33
Kvartanir/kæror/úrskurðir	106
Kynningar/námskeið/fyrirlestrar	30
Leyfisumsóknir	40
Mál vegna tilkynninga	495
Smíði stjórnvaldsreglna	21
Úttektarmál	1
Veitt starfsleyfi	1
Annað	88
Umsóknir	0
Mál vegna vísindarannsókna	308
Fyrirmæli vegna vísindarannsókna	0
<b>Samtals</b>	<b>1865</b>

## Tegundir mála árið 2016



### Eftirlitsheimildir Persónuverndar

Persónuvernd hefur í eftirlitsstörfum sínum án dómsúrskurðar aðgang að húsnæði þar sem vinnsla persónuupplýsinga fer fram eða gögn eru varðveitt. Hún getur óskað liðveislu lögreglu ef einhver leitast við að hindra hana í eftirlitsstörfum sínum. Stofnunin getur mælt fyrir um stöðvun vinnslu persónuupplýsinga, að persónuupplýsingar verði afmáðar eða skráðar eytt, í heild eða að hluta, bannað frekari notkun upplýsinga eða lagt fyrir ábyrgðaraðila að viðhafa ráðstafanir sem tryggja lögmæti vinnslunnar. Þá getur Persónuvernd ákveðið að leggja dagsektir á þann sem ekki sinnir fyrirmælum hennar.

Ef fram fer vinnsla persónuupplýsinga, sem brýtur í bága við ákvæði laganna eða reglna settra samkvæmt þeim, getur Persónuvernd falið lögreglustjóra að stöðva til bráðabirgða starfsemi viðkomandi aðila og innsigla starfsstöð hans þegar í stað.

Brot á ákvæðum laga nr. 77/2000 og reglugerða settra samkvæmt þeim varða fésektum eða

fangelsi allt að þremur árum nema þyngri refsing liggji við samkvæmt öðrum lögum. Sama refsing liggur við ef ekki er farið að fyrirmælum Persónuverndar. Ef brot er framið í starfsemi lögaðila má gera lögaðilanum fésekt samkvæmt II. kafla A almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

## Leyfisveitingar og tilkynningar

Öll vinnsla persónuupplýsinga verður að styðjast við einhverja þeirra heimilda sem taldar eru upp í 8. gr. laga nr. 77/2000, sem og 9. gr. laganna sé unnið með viðkvæmar persónuupplýsingar. Meðal þessara heimilda má nefna að hinn skráði hafi sjálfur samþykkt vinnsluna eða að sérstök lagaheimild sé fyrir vinnslunni. Ekki er gert ráð fyrir að Persónuvernd meti vinnslu í hverju einstöku tilviki til þess að skera úr um hvort heimildir séu fyrir henni. Slíkt mat liggur allajafna hjá ábyrgðaraðilum upplýsinganna en rísi ágreiningur milli aðila um vinnsluna verður sá ágreiningur borinn undir Persónuvernd.

Á ábyrgðaraðila hvílir skylda til að tilkynna Persónuvernd um tiltekna vinnslu persónuupplýsinga. Tilkynningar eru sendar rafrænt beint af heimasíðu Persónuverndar, [www.personuvernd.is](http://www.personuvernd.is). Þær vistast sjálfkrafa í opinberri skrá á vefsíðunni sem almenningur getur skoðað og leitað í.

Feli vinnsla persónuupplýsinga í sér sérstaka hættu á að farið verði í bága við réttindi og frelsi manna getur Persónuvernd ákveðið að hún skuli vera leyfisskyld, sbr. 33. gr. laga nr. 77/2000. Það hefur hún gert með setningu reglna. Núgildandi reglur um tilkynningarskylda og leyfisskylda vinnslu persónuupplýsinga eru nr. 712/2008. Í 4. gr. reglnanna eru tæmandi taldar þær tegundir vinnslu sem eru leyfisskyldar samkvæmt ákvæðinu. Þá getur vinnsla verið háð leyfi sé mælt fyrir um það í öðrum lögum, sbr. til dæmis ákvæði í lögum um lífsýnasöfn og söfn heilbrigðisupplýsinga, nr. 110/2000, og lögum um réttindi sjúklinga, nr. 74/1997.

Umsókn um leyfi Persónuverndar þarf að vera rökstudd. Í henni skal m.a. tilgreina hvernig öryggi persónuupplýsinganna verði tryggt. Þá skal rökstyðja sérstaklega hvers vegna nauðsynlegt sé að vinna með upplýsingarnar á persónugreinanlegu formi. Umsókn má skila á þar til gerðu umsóknareyðublaði sem finna má á vefsíðu stofnunarinnar, [www.personuvernd.is](http://www.personuvernd.is).

## Úttektir

Samkvæmt 2. tölul. 3. mgr. 37. gr. laga nr. 77/2000 er það eitt af hlutverkum Persónuverndar að hafa eftirlit með því að aðilar, sem bera ábyrgð á vinnslu persónuupplýsinga, fari að lögum og öðrum reglum sem um vinnsluna gilda og tryggja eiga að fyllsta öryggis sé gætt.

Til að Persónuvernd geti rækt það eftirlitshlutverk, sem á stofnuninni hvílir lögum samkvæmt, getur verið nauðsynlegt að gera úttekt á fyrirkomulagi öryggismála hjá ábyrgðaraðilum persónuupplýsinga. Ákvörðun um úttekt þarf þó ekki að fela í sér að Persónuvernd telji að öryggiskerfi viðkomandi ábyrgðaraðila sé að einhverju leyti ábótavant. Gert er ráð fyrir að úttektir af þessu tagi fari fram í góðri samvinnu Persónuverndar og ábyrgðaraðila. Markmiðið er að sannreyna að öryggiskerfi ábyrgðaraðila sé í samræmi við þær öryggiskröfur sem Persónuvernd gerir til vinnslu viðkomandi persónuupplýsinga.

Úttektir eru oftast framkvæmdar í tveimur áföngum. Fyrri hlutinn felst í því að kalla eftir og yfirfara skrifleg gögn frá ábyrgðaraðila, sbr. 11. gr. fyrrgreindra laga. Seinni hlutinn er skoðun á þeim stað eða stöðum þar sem vinnsla persónuupplýsinga fer fram á vegum ábyrgðaraðila. Það er gert í þeim tilgangi að bera fyrirkomulag og ástand öryggiskerfis saman við framlögð gögn ábyrgðaraðila þar að lútandi. Persónuvernd lýkur svo úttektinni með ákvörðun um hvort öryggiskerfið standist þær kröfur sem gerðar eru í lögum og reglum um öryggi persónuupplýsinga og gefur ábyrgðaraðila fyrirmæli um úrbætur ef ástæða þykir til.

Við úttektir hefur Persónuvernd fyrst og fremst beint sjónum sínum að þeim sem vinna með viðkvæmar persónuupplýsingar. Vinnsla slíkra upplýsinga er oft og tíðum ekki nema hluti af starfsemi ábyrgðaraðila og getur því úttekt Persónuverndar oft takmarkast við afmarkaðan þátt



starfseminnar. Í þeim tilgangi að fá fram raunhæfan samanburð milli ábyrgðaraðila og til að gæta jafnræðis framkvæmir Persónuvernd yfirleitt úttektir hjá þremur til fimm aðilum í sambærilegri starfsemi. Jafnan er reynt að velja umsvifamestu ábyrgðaraðilana í greininni þannig að ætla megi að úttektin spanni stóran hluta af þeirri vinnslu persónuupplýsinga sem fram fer á ákveðnu sviði.

**Persónuvernd boðaði úttekt á öryggi persónuupplýsinga í hinum íslenska hluta Schengen-upplýsingakerfisins með bréfi til ríkislögreglustjóra, dags. 6. september 2016.** Í bréfinu var kynnt að úttektin yrði framkvæmd í tveimur aföngum.

## Um fjárreiður 2016

Fjárveitingar til Persónuverndar námu á fjárlögum 2016 samtals 101,6 millj. kr. Rekstrartap frá árinu 2015 var 2,2 millj. kr. Persónuvernd hafði engar sértekjur árið 2016. Til ráðstöfunar á árinu voru samtals 99,4 millj. kr. en gjöld stofnunarinnar námu alls 106 millj.kr. Rekstrartap ársins nam því 4,4 millj. kr. Tap ársins skýrist af framúrkeyslu á launalið. Þegar núverandi forstjóri tók við starfi sínu 1. september 2015 voru átta starfsmenn að störfum hjá stofnuninni. Það fjármagn sem Persónuvernd fékk úthlutað samkvæmt fjárlögum 2016 var hins vegar ekki í samræmi við það. Í upphafi árs var greiðslustaða við ríkissjóð neikvæð um 1,2 millj. kr. en í lok árs neikvæð um 3,9 millj. kr. Sú breyting skýrist einnig af framúrkeyslu á launalið.

## Rekstrar- og efnahagsreikningur ársins 2016

Helstu stærðir ársreikningsins eru þessar:

### Ársreikningar A-hluta aðila í þús. kr.

#### 06 251 Persónuvernd

	Reikningur 2016	Reikningur 2015	Fjárheimildir ársins 2016		Reikningur 2016	Reikningur 2015
<b>Rekstrarreikningur</b>				<b>Efnahagsreikningur</b>		
Tekjur				Eignir		
Sértekjur .....	-	2.385	3.100	Veltufjármunir		
Tekjur samtals .....	-	2.385	3.100	Skammtímakröfur aðrar.....	83	127
Gjöld				Veltufjármunir samtals .....	83	127
Almennur rekstur.....	106.045	103.689	104.700	Eignir samtals .....	83	127
101 Persónuvernd.....	106.045	103.689	104.700	Skuldir og eigið fé		
Gjöld samtals.....	106.045	103.689	104.700	Eigið fé		
Tekjur umfram gjöld.....	-106.045	-101.304	-101.600	Höfuðstóll		
Framlag úr ríkissjóði .....	101.600	94.500	101.600	Staða í ársbyrjun.....	-2.182	4.622
Hagnaður/tap ársins .....	-4.445	-6.804	-	Hagnaður/tap ársins .....	-4.445	-6.804
Sjóðstreymi				Höfuðstóll í árslok.....	-6.627	-2.182
Hagnaður/tap ársins .....	-4.445	-6.804		Eigið fé í árslok .....	-6.627	-2.182
Breyting rekstrartengdra eigna/skulda				Skammtímaskuldir		
Breyting skammtímakrafna og birgða.....	44	-127		Skuld við ríkissjóð.....	3.901	1.180
Breyting skammtímaskulda.....	1.679	-3.945		Aðrar skammtímaskuldir.....	2.809	1.130
Handbært fé frá rekstri .....	-2.722	-10.876		Skammtímaskuldir samtals .....	6.710	2.309
Fjármögnunarmarkreifyngingur				Skuldir samtals .....	6.710	2.309
Framlag ríkissjóðs .....	-101.600	-94.500		Skuldir og eigið fé.....	83	127
Greitt úr ríkissjóði .....	104.322	105.376				
Fjármögnunarmarkreifyngingar samtals .....	2.722	10.876				











Persónuvernd